



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Sólborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	4
2.1 Innra mat Birkistofu.....	4
2.2 Innra mat Furustofu	6
2.3 Innra mat Lerkistofu	8
2.4 Innra mat Reynistofu.....	10
2.5 Innra mat Víðistofu.....	13
2.6 Innra mat táknmálstúlks.....	14
2.7 Innra mat verkefna í Sólborg	16
3 Ytra mat	22
3.1 Úttekt á SMT skólafærni.....	22
3.2 Foreldrakönnun	23
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
6 Foreldrasamvinna.....	29
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
8 Fylgigögn.....	31
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	31
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	34
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	36
8.4 Fylgiskjal 4 – Látum draumana rætast - umsókn í A hluta Þróunar-og nýsköpunarsjóðs skóla og frístundaráðs.	39



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2018-2019 var gjöfulur fyrir skólann vegna þeirra verkefna sem skólinn var þátttakandi í.

Tilraunaverkefnið stytting vinnuviku hélt áfram en verkefninu lýkur formlega 31. ágúst 2019. Verkefnið er búið að hafa góð áhrif á starfsmannahópinn og hefur gefið okkur betri og skilvirkari vinnumenningu, starfsánægja hefur aukist og veikindi hafa minnkað um 25%. Starfsmannahópurinn ásamt leikskólastjóra óskar eftir að fá að fara í 35 stunda vinnuviku og vinna þá 7 tíma á dag og setja upp vaktakerfi.

Leikskólinn hefur verið í 2ja ára Erasmus verkefni sem lauk formlega nú í vor. Í vetur var farið til Wales, Eistlands, Lettlands og Slóvakíu vegna verkefnisins og tókum við á móti gestum frá þessum löndum til okkar. Verkefnið hefur verið áhugavert og gefandi en jafnframt kostað starfsfólk aukna vinnu.

Síðasta sumar fékk skólinn 15 milljónir til framkvæmda á lóðarsvæði skólans. Var ákveðið að setja upp leiksvæði fyrir yngstu börn skólans og girða það af. Einnig var sett upp moltusvæði og klárað að endurnýja girðinguna í kringum skólann. Inngangur leikskólans var færður til og gerð aðstaða fyrir hjól og kerrur.

Dúkar á stórum hluta borða skólans voru endurnýjaðir og nýjum bætt við.

Haustið fór vel af stað, aðlögun nýrra barna gekk vel og öflugt starfsfólk bættist í hóp okkar. Skólinn hefur ekki náð að fullnýta barnstýringu skólans þar sem stuðningstímar hafa verið um 100 tímar og þarf því margt starfsfólk og ekki hefur tekist að fullmanna skólann. Markvisst hefur verið unnið í því að minnka starfsmannaveltu og hefur það gengið eftir þar sem betur hefur verið unnið að ráðningu nýrra starfsmanna og reynslutíminn nýttur vel. Þetta er núna að skila okkur í betri ráðningum og minni starfsmannaveltu en starfsmannavelta síðasta vetrar var 10.8% sem er viðunandi velta.

Í byrjun vetrar voru kynningarfundir fyrir foreldra á hverri deild skólans og gengu þeir fundir vel. Foreldrafélag Sólborgar hefur unnið vel með skólanum að ýmsum uppákomum og verkefnum.

Leikskólastjóri var beðinn að taka að sér að verða samráðsfulltrúi fyrir leikskólastjóra í Reykjavík og tók þá vinnu að sér og hefur þetta verkefni gefið nýja sýn á stöðu okkar og sérstaklega í samanburði við önnur sveitarfélög í landinu.

Í lok mars þurfti leikskólastjóri skólans að fara í aðgerð og var frá vinnu vegna veikinda í þrjá mánuði en leysti aðstoðarleikskólastjóri skólans af á meðan og gekk það sérlega vel.



Áherslur næsta vetrar snúa aðallega að innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 *Látum draumana rætast* og veit ég að Sólborg mun áfram vinna að krafti að góðu starfi og stefnum við á námsferð vorið 2020.

2 Innra mat deilda

2.1 Innra mat Birkistofu

Á Birkistofu byrjuðu 10 ný börn í haust, og markmið okkar því mjög mikilvæg. Þátttökuaðlögun tókst vel, í fyrsta hópnum byrjuðu 4 börn á sama tíma, og svo byrjuðu 2 sinnum 3 börn. Auk þess byrjuðu 2 stök börn síðar um veturinn, og þá er þátttökuaðlögunin ekki síður mikilvæg, þegar 1 nýtt barn þarf að kynast öllum hinum. Í þátttökuaðlögun myndast góð tengsl milli foreldra og kennara sem börnin sjá, og það hjálpar þeim að treysta okkur.

Að fara í útikennslu í hverri viku: Þetta gekk engan veginn eftir, fram eftir öllu hausti voru börnin svo ný og voru að læra allar reglurnar, og loksins þegar hópurinn var tilbúinn til að fara í ferðir byrjuðu 2 ný börn, svo raunin varð að við fórum bara 4 sinnum. Þetta fer því aftur í umbótaáætlun, en með áherslu á að meta samsetningu hópsins áður en farið er í útikennslu.

Að leggja inn tákni hjá barnahópnum a.m.k. einu sinni í viku: Þetta gekk ekki heldur eftir, börnin lærðu flest sitt eigið nafnatákn, en þar sem við höfum ekki þurft að vera í samskiptum við neinn sem notar táknmál, þá tileinka þau sér ekki tákni, þó svo að við reynum að leggja þau inn. Þetta þarf því líka að fara aftur í umbótaáætlun, nú ætlum við að leggja áherslu á nafnatáknin, að þau læri sitt tákni og annarra.

Ársmarkmið Birkistofu 2019-2020

1. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra.
2. Að börnin læri að leika með opinn efnivið saman í hóp sem og einstaklingslega inni og úti
3. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar, þar sem við leggjum m.a. áherslu á félagsþroska, málþroska og hreyfiþroska.

Leiðir:

Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar með þeim á gólfinu til að skapa nánd og traust milli kennara og barna og innan barnahópsins.



Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.

Börnin læra almennar umgengis- og samskiptareglur sem gilda í samfélagi manna t.d. að virða rétt annarra, standa á sínu, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um umhverfið inni sem úti.

Daglega syngjum við saman, lesum sögur og spjöllum um það sem er í gangi hverju sinni. Hvert tækifæri er notað til að auka orðaforðann, t.d. í fataklefa og við matarborðið.

Vikulega fara hópar í íþróttir í salinn, en auk þess reynir útiveran á ýmsa þætti hreyfingar.

Umbótaþættir Birkistofu	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útikennsla	Að fara oftari í útikennslu	Fylgjast með hvernig hópurinn er samsettur	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri Starfsfólk	Janúar og maí	Börnin geti gengið saman í hóp og fylgt reglum
Táknmál	Að börnin læri nafnatákn allra á stofunni	Förum í alls kyns nafnaleiki þar sem við notum nafnatáknin alltaf með	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri Starfsfólk	Janúar og maí	Börnin geri nafnatákn allra um leið og þau segja nöfn þeirra



2.2 Innra mat Furustofu

Haustið 2018 voru 16 börn á Furustofu, þar af voru 9 börn sem komu til okkar af öðrum deildum leikskólans. Aðlögun gekk vel, þar sem þau fluttust á milli deilda í hópi vana sinna. Tveir árgangar barna voru á deildinni, börn fædd 2015 og 2016. Starfsmannahald gekk upp og niður og var ekki fyrr en eftir áramót sem lausn komst á það.

Skipulagt starf gekk nokkuð vel. Við náðum að halda áætlun í listaskála. Íþróttir og fundaaflýsing lentu á sama degi og mátti engu muna í starfsmannahaldi svo að íþróttirnar féllu ekki niður. Það lagaðist eftir áramót þegar við fengum fastan starfsmann fyrir hádegi. Útikennslan datt oft upp fyrir vegna veðurs og færðar og verður það sett í umbótaáætlun næsta árs. Vel tókst að halda könnunarleiknum hjá yngri hópnum. Mjög vel gekk að halda áætlun í söng- og sögustundum. Eftir áramót var unnið þema um tröll og gekk það mjög vel. Við lögðum áherslu á að vinna með trölla- og leikdeig og enduðum á vinnu með jarðleir. Þetta var gefandi og skapandi starf sem allir voru ánægðir með. Vorþemað okkar gekk einnig mjög vel, en við unnum með það sem við höfum í nærumhverfinu, fuglana, smádyr (flugur, orma o.s.frv.) og gróðurinn. Mikill áhugi myndaðist hjá börnunum.

- **Styrkleikar:** Vel gekk að vinna að dagskipulagi og þemum vetrarins.
- **Tækifæri til umbóta:** Að fjölga þeim dögum sem við förum í útikennslu með því að meta samsetningu hósins og hvenær hann er tilbúinn.

Eitt af markmiðum okkar síðasta vetur var að viðhalda og bæta við þekkingu okkar og barnanna á táknmáli. Þar sem ekkert táknmálstalandi barn var á deildinni og enginn táknmálstalandi starfsmaður reyndist það erfitt. Börnin voru áhugalaus um táknmálskennsluna og náðu ekki flugi, lestur með talmáli og táknum gekk ekki vel. Þetta fer í umbótaáætlun næsta árs. Það virðist trufla börnin að talmál er notað með táknum. Hins vegar hefur okkur gengið vel að viðhalda táknmálinu í söngstund og þegar verið er að bjóða þeim fram í borðsal. Matseðillinn er kynntur á táknmáli.

- **Styrkleikar:** Vel gekk að viðhalda táknmáli í söngstund og við borðhald.
- **Tækifæri til umbóta:** Fá fleiri „tæki“ til að viðhalda táknmálskunnáttu á deildinni.

Nokkur umræða varð á deildarfundum um söngstundir í sal og kom fram frá stjórnanda hennar að munurinn á getu barnanna sé of mikið, aldursbilið sé of breitt. Hún gerir að tillögu sinni að næsta vetur verði söngstundin tvískipt. Einnig kom upp sú hugmynd að deildirnar komi meira að því að velja lög mánaðarins. Þetta fer í umbótaáætlun næsta árs.

- **Tækifæri til umbóta:** Að miða söngsstundir við aldur og getu barnanna með því að tvískipta barnahópnum eftir aldri.



Allir voru ánægðir með hvernig stytting vinnuvikunnar gekk í vetur. Það kom mjög sjaldan fyrir að einhver kæmist ekki í styttinguna og allir voru jákvæðir að hliðra til og skipta um dag ef það kom deildinni eða starfsfólki betur. Við finnum mun á því hvað styttingin auðveldar fólki að sinna sér og sínum, án þess að vera undir álagi og pressu vinnunnar vegna.

- **Styrkleikar:** Starfsánægja jókst með styttingu vinnuvikunnar.

Ársmarkmið á Furustofu 2019-2020

Í vetur verða á Furustofu börn sem fædd eru á árinu 2016 og 2017.

Markmið:

Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra.

1. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar þar sem við leggjum m.a. áherslu á félags- mál- og hreyfiproska.
2. Leggja áherslu á læsisstefnu og táknmál.
3. Við höfum SMT–reglurnar sýnilegar á deildinni og komum til með að nota fáar einfaldar reglur.

Leiðir:

1. Þar sem stefnir í að við á Furustofu verðum með ný börn á deildinni fer haustið að mestu leyti í að aðlaga börnin, vinna með hópinn og gera þau örugg í nýjum aðstæðum. Við skiptum hópnum upp í smærri einingar, þannig að ró og friður sé til leiks og starfa. Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar. Starfsfólk verði duglegt að skipta út viðfangsefnum sem hæfir aldri hópsins. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman. Daglega syngjum við saman, lesum sögur og spjöllum um það sem er í gangi hverju sinni. Hvert tækifæri sé notað til að auka orðaforðann. Vikulega fara hópar í listaskála, íþróttir í sal, könnunarleik, auk þess sem útiveran verður stór þáttur, en þar reynir á ýmsa þætti hreyfingar.
2. Kynna okkur og tileinka fjölbreyttari aðferðir til að nota í sögustundum. Nýta söngstundir til hvers kyns málörvunar. Hvert barn fær sitt nafnatákn sem það lærir.
3. Þar sem börnin eru svo ung förum við ekki markvisst í SMT-reglurnar, en við komum til með að nota reglur eins og „hafa hendur og fætur hjá sér“ og „ganga í röð“.

Endurmat fer fram í janúar og maí 2020 sem rökræðumat á deildarfundum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
-------------------	------------------------	------------------------	-----------------	---------------	-----------------------------------	----------------------



Hvað þarf að bæta?						
Útikennsla	Að fjölga þeim dögum sem við förum í útikennslu	Fylgjast með samsetningu hópsins og meta hvenær hópurinn er tilbúinn.	Skólaárið 2019 - 2020	Kennarar Furustofu	Umræður á deildinni í janúar og lok vetrar	Að við náum að bæta okkur um helming
Táknmál	Að viðhalda kunnáttunni í táknmáli	Fá fleiri „tæki“ til að viðhalda kunnáttunni á deildinni	Haust og fram á vor	Kennarar Furustofu	Umræður í janúar og lok vetrar	Að börnin læri nafnatáknin sín og nokkur tákn er tengjast því sem næst þeim er.
Söngur í sal	Að miða söngsstundir við aldur og getu barnanna.	Tvískipta barnahópnum eftir aldri.	Skólaárið 2019 - 2020	Söngstjórar	Rýnihópur	Virkari og ánægðari börn

2.3 Innra mat Lerkistofu

Haustið 2019 voru á Lerkistofu 9 börn fædd 2016 og 2017, tveir leikskólakennarar, einn heyrnarlaus starfsmaður og einn þroskaþjálfari. Á stofunni voru tvö börn með sérþarfir sem bæði þurftu á táknmáli að halda.

Áhersla var lögð á aðlögun og að leika í litlum hópum á afmörkuðu svæði til að skapa öryggi og nánd. Einnig var lögð áhersla á opinn og skapandi efnivið sem börnunum er gefinn tími til að kynna og læra að leika með.

Lerkistofa var minnkuð vegna breytinga innanhúss í skólanum og því þurfti að aðlaga starfið að breyttu umhverfi. Barnafjöldinn á stofunni lækkaði í kjölfarið. Húsgögnum var fækkað og gólfrymi aukið sem kemur sér vel fyrir ung börn sem þurfa að vera á hreyfingu. Leikefnið hefur verið tekið til gagn Gerrar skoðunar í skólanum og er lögð áhersla á opinn efnivið og hófsemi í leikefni.

- **Styrkleikar:** Aukið gólfrymi vegna fækkunar húsgagna.

Útisvæðið tók einnig breytingum þar sem komið var fyrir girtu svæði fyrir yngstu börnin. Þetta svæði reyndist mjög mikilvægt í aðlöguninni til að gefa ungum börnum næði til að fóta sig í nýjum aðstæðum.



- **Styrkleikar:** Afmarkað útisvæði hentaði sérlega vel í aðlögun yngstu barnanna.

Skólaárið gekk vel á heildina litið. Við vorum með gott og öflugt starfsfólk og munar þar mest um að hafa fleiri en einn leikskólakennara á deildinni. Markmiðin okkar gengu vel upp þ.e.a.s. að aðlaga, efla og styrkja þessi ungu börn sem hófu leikskólagöngu sína í byrjun skólaársins. Það skiptir sköpum að hafa starfsmannahóp sem gengur í takt og veit hvað skiptir máli í starfi með lítil börn. Að skapa nánd, öryggi og traust er í forgrunni og svo er byggt ofan á það og það teljum við okkur hafa gert bærilega eftir að hafa ígrundað það og svo bera börnin þess merki. Þau hafa jú lært sitthvað sem þau taka með sér á næsta stig skólagöngu sinnar.

- **Styrkleikar:** Fleiri en einn menntaður leikskólakennari á deildinni.

Í barna- og starfsmannahópnum eru einstaklingar sem hafa táknmál að móðurmáli. Samskipti á deildinni fara því fram bæði á íslensku og íslensku táknmáli. Starfsfólk þarf að skilja hvort annað og öll börn á deildinni þurfa að læra að skilja fyrirmæli á táknmáli. Til að hægt sé að framkvæma þetta svo að vel sé verður starfsfólk á deildinni að hafa góða kunnáttu í táknmáli.

- **Styrkleikar:** Táknmálstalandi starfsmaður er á deildinni.
- **Tækifæri til umbóta:** Hafa fleiri starfsmenn með góða táknmálskunnáttu á deildinni og leggja áherslu á að öll börn á deildinni geti skilið fyrirmæli á táknmáli.

Ársmarkmið Lerkistofu 2019-2020:

Í vetur verða á Lerkistofu börn fædd 2017 og 2018.

Markmið:

1. Aðlögun nýs starfsmannahóps með það að markmiði að starfsmenn vinni saman sem ein heild. Áhersla verður lögð á mikilvægi þess að allir sinni sínu hlutverki samkvæmt skipulagi og mun það vonandi skila sér í starfsgleði og metnaði. Deildarstjóri ber ábyrgð á að allir séu þátttakendur, auk þess mun hver og einn starfsmaður framkvæma skriflega rýni tvisvar sinnum yfir skólaárið.
2. Aðlögun nýs barnahóps með það að markmiði að börnin verði örugg, glöð og taki framförum við leik og störf. Þetta verður framkvæmt með þátttökuaðlögun þar sem starfsfólk er til staðar og unnið er í litlum hópum. Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn eru þátttakendur, auk þess mun hver og einn starfsmaður framkvæma skriflega rýni tvisvar sinnum yfir skólaárið.
3. Félagsfærni í leik og starfi: að börnin læri að umgangast hvert annað og umhverfið af virðingu og læri að leika sér saman og með mismunandi efnivið. Þessu verður gert með markvissu skipulagi, aga og festu. Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn eru þátttakendur. Skráningar verða gerðar um börnin samkvæmt starfsáætlun skólans.
4. Læsi. Að börnin safni orðaforða, geti tjáð sig, læri söngtexta og leikræna tjáningu. Þetta verður gert með lestri, söng, samtölum og með því að leika saman. Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn eru þátttakendur. Skráningar verða gerðar um börnin samkvæmt starfsáætlun skólans.



Umbótaþættir Lerkistofa	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fyrirmæli á táknmál	Að börnin læri að skilja fyrirmæli á táknmáli	Gefa börnunum tíma til að átta sig. Endurtaka.	Haust fram á vor.	Táknmálstalandi kennarar og aðrir kennarar.	Könnun og rýni.	Að börnin fari eftir fyrirmælum á táknmáli.
Táknmáls-kunnátta starfsmanna	Að hafa sterkara táknmáls-umhverfi.	Hafa fleiri starfsmenn með góða táknmáls-kunnáttu á deildinni.	Júlí-ágúst 2019	Stjórnendur	Rýni/rökræður á deildarstjórafundum.	Fleiri starfsmenn með góða táknmáls-kunnáttu starfa á deildinni 2019-20.

2.4 Innra mat Reynistofu

Á þessu skólaári (2018-19) voru 14 börn fædd 2013 og 7 börn fædd 2015 og voru því sameiginleg markmið fyrir hvorn hópin fyrir sig, ásamt sameiginlegum markmiðum fyrir allan hópin.

Markmið eldri hópsins var að vinna með Þúsaldarljóðið og tengja það námskrá Sólborgar. Unnið var með Þúsaldarljóðið í hópastarfi og lærðu börnin ljóðið á íslensku og íslensku táknmáli. Hvert erindi var tengt við málörvun, stærðfræði, listaskálavinnu, útikennslu og vettvangsferðir.

- **Styrkleikar:** Vel gekk að fylgja markmiðum eftir, elstu barna starfið gekk vel og öllum markmiðum var náð.

Markmið yngri hóps var efling félagsþroska, málþroska og hreyfingar og átti að vinna með þessa þætti í hópastarfi. Þetta gekk ágætlega, unnið var að markmiðum í samverustundum, útikennslu, íþróttum



og í frjálsum leik. Hópurinn breyttist um áramót, eitt barn hætti og mikið var um löng frí. Hópurinn endaði í fjórum börnum og í vor bættist við eitt barn árinu eldri. Unnið var að settum markmiðum, en félagaval var lítið vegna þess hve hópurinn var lítill.

Sameiginleg markmið hópsins voru táknmál og ritmál þar sem í barna-, starfsmanna- og foreldrahópnum eru einstaklingar sem hafa táknmál að móðurmáli. Markmiðið var að gera táknmálið sem sýnilegast og að allt starfsfólk væri meðvitað um mikilvægi þess að nota táknmál í öllu leikskólastarfi. Leiðir að þessu markmiðum var að gera táknmál og ritmál sýnilegt með því að hengja upp myndir af nafnatáknum barna og starfsfólks og öðrum táknum/orðum yfir algenga hluti í umhverfinu og daglegu lífi .

- **Styrkleikar:** Börnin skoðuðu oft myndir/tákn og orð og æfðu sig og voru dugleg að tala við döff starfsfólk og börn.
- **Tækifæri til umbóta:** Hafa mætti letrið stærra á ritmálinu sem hangir á veggjunum ásamt tákni/mynd og hafa orðin stöfuð með fingrastafrófi líka. Þetta fer í umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Annað sameiginlegt markmið var að læra að umgangast og taka tillit til hvers annars óháð aldri og getu. Til að ná þessu fram ætluðum við að hafa skipulagða „stýrða“ leikhópa þar sem börn úr báðum aldurshópum og með ólík mál og getu leika saman. Niðurstaðan varð þó sú að ekki voru skipulagðir markvissir hópar í frjálsum leik. Frekar var passað uppá að börnin skiptust á að leika í fremri og innri stofu og að hóparnir blönduðust aldurslega. Yngri hópurinn blandaðist ekki inn í hópinn heldur lék við hliðina á eldri hópnum. Í lok október mánaðar prófuðum við að hafa skipulagt val en okkur fannst það ekki virka nógu vel á hópinn. Það olli spennu og oft leiðindum ef ekki var pláss fyrir það sem þau óskuðu sér. Við ákváðum að taka það út og skipta börnunum á stofur og leyfa þeim að ganga að leikefni sem þau vildu leika með. Það færðist meiri ró yfir barnahópin við þær breytingar og við völdum að halda því áfram.

- **Tækifæri til umbóta:** Okkar mat eftir veturinn er að það sé ekki góð blanda að hafa tvö ár á milli hópa á sömu deild þegar eldri hópurinn er stór og hinn með fáum börnum. Þetta fer í umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Ársmarkmið Víðistofu (áður Reynistofa) 2019-2020

Næsta skólaár mun starfsfólk Reynistofu færa sig yfir á Víðistofu og verða þar 7 börn fædd 2015 og 9 börn fædd 2016. Við verðum með sameiginleg markmið fyrir allan barnahópin sem snýr að læsi og



málskilningi, bæði á íslensku og íslensku táknmáli þar sem hluti af hópnum hefur bæði þessi mál að móðurmáli.

Markmið:

1. Efla læsi barna á íslensku og íslensku táknmáli. Myndir verða settar á veggj með tákni, bókstöfum og fingrastafrófi. Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni bera ábyrgð og endurmat fer fram sem rýni/rökræður á deildarfundum ásamt skriflegu endurmati tvisvar sinnum á ári í janúar og maí.
2. Efla málskilning og læsi. Þetta verður gert með því að lesa bækur, endursegja sögur og leika með rím og orð. Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni bera ábyrgð og endurmat fer fram sem rýni/rökræður á deildarfundum ásamt skriflegu endurmati tvisvar sinnum á ári í janúar og maí.

Umbótapættir Víðistofa (áður Reynistofa)	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Aldursbil hópa á deildinni.	Að hafa minna aldursbil en tvö ár á milli barna á deildinni. Að aldurshóparnir séu svipað stórir.	Breytt skipulag á deildinni.	Júlí - ágúst 2019	Stjórnendur	Rýni/rökræður á deildarstjóra fundum.	Hópur með jafnara aldursbili milli barna. Að yngri og eldri hópur séu svipaðir að stærð.
Stærra letur á ritmálinu sem hangir á veggjunum ásamt	Gera íslensku og íslensk táknmál sýnilegt.	Búa til nýjar myndir á veggj með: -tákni -bókstöfum	Ágúst '19- '20 (endalaust hægt að bæta við)	Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni.	Rýni/rökræður á deildarfundu m.	Skriflegt endurmat 2x á ári í janúar og maí.



tákni/mynd og orðin stöfuð með fingrastafrófi.		-fingrastafrófi				
Börnin æfi sig að stafa orðin á táknmáli.	Efla læsi.	Búa til nýjar myndir á veggum með: -tákni -bókstöfum -fingrastafrófi	Ágúst '19- '20	Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni.	Rýni/rökræður á deildarfundum.	Skriflegt endurmat 2x á ári í janúar og maí.

2.5 Innra mat Víðistofu

Skólaárið 2018-2019 voru á Víðistofu 16 börn, þ.e. öll börn í Sólborg sem fædd eru 2014. 12 þeirra voru á stofunni síðasta skólaár, hin 4 komu frá Furustofu. Tvö börn úr árganginum fluttu til útlanda í febrúar og hættu því í Sólborg. Þá kom drengur frá Furustofu til okkar fæddur 2015. Sá drengur er með forgreiningu á einhverfu. Þær breytingar urðu á starfsmannahópnum á stofunni að um áramót byrjaði hjá okkur nýr leikskólakennari og á sama tíma flutti starfsmaður frá okkur inn á Furustofu.

Markmiðin voru því að mestu þau sömu og á síðasta ári, þ.e. að leggja áherslu á lífsleikni og gefa leiknum aukið rými og tíma. Unnið var með kennsluefnið Stig af stigi í hópstundum en efnið var ekki fest inn í dagskipulagið á deildinni. Þetta fer inn í umbótaáætlun fyrir næsta ár.

- **Styrkleikar:** Vel gekk að gefa leiknum aukið rými og -tíma. Alveg frá hausti lögðum við mikið upp úr því að leyfa kubbabyggingum að standa til næsta dags og jafnvel lengur. Þetta á við um bæði eininga- og holukubba. Með þessu var hægt að halda kubbaleiknum áfram, stundum með sömu börnum, stundum tók nýr hópur við. Nú að vori sjáum við mikla þróun í byggingunum, ekki síst þegar einingakubbarirnir eiga í hlut.
- **Tækifæri til umbóta:** Festa kennsluefnið Stig af Stigi inn í dagskipulagið á deildinni.

Reynistofa (áður Víðistofa) 2019-2020

Næsta skólaár mun starfsfólk Víðistofu færa sig yfir á Reynistofu og vera þar með elsta árganginn og hluta af næstelsta árganginum. Eldri hópurinn mun vinna í elstu barna verkefnum og læra þúsaldarljóðið. Markmiðið er að vinna með málörvun í yngri hópnum í samræmi við læsisstefnu skólans. Unnið verður með lífsleikni í báðum hópum og m.a. notað kennsluefnið Stig af stigi.



Umbótaþættir Reynistofa (áður Víðistofa)	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari vinna með lífsleikni	Unnið verður með lífsleikni báðum hópum.	Stig af stigi stundir.	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni.	Rýni/rökræð ur á deildarfundu m.	Skriflegt endurmat 2x á ári í janúar og maí.

2.6 Innra mat táknmálstúlks

Í Sólborg er eitt stöðugildi táknmálstúlks. Helstu verkefni túlks eru: foreldraviðtöl, námskrárvíðtöl, starfsmannaviðtöl, deildafundir, fréttir á heimasíðu, túlkun fyrir börn inná deild (elstu barna starf og samverustundir fyrir yngri börn), söngstund í sal, leikrit og aðrar upptökur í sal, aðrir tilfallandi fundir og samtöl t.d. milli döff foreldra og starfsfólks og milli döff starfsmanna og yfirmanna.

Veturinn 2018-19 notuðu 6-7 döff börn táknmálstúlk í daglegu starfi, 3-4 döff starfsmenn á tveimur deildum notuðu táknmálstúlk á deildafundum, starfsviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við yfirmenn. Döff foreldrar, alls 6 manns, notuðu túlk í foreldraviðtölum, námsskrárvíðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra og aðra starfsmenn.

Niðurstöður innra mats 2018-19:

Skýrari línur um starf túlks: Túlkur endurskrifaði starfslýsingu sína.

- **Styrkleikar:** Að nú sé til starfslýsing fyrir starf túlks í leikskóla.

Handleiðsla fyrir túlk: Túlkur fékk handleiðslu hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) tvisvar sinnum yfir veturinn og mun halda því áfram.

- **Styrkleikar:** Túlkur getur rætt við annan fagaðila um starf sitt.



Samstarf við aðrar stofnanir: Túlkur var í starfshóp með öðrum tólka frá SHH og Hlíðaskóla sem fundaði þrisvar sinnum yfir árið. Fundirnir voru jákvæðir og nauðsynlegir en gott væri ef samstarfið væri hluti af markvissara samvinnuverkefni milli þessara stofnana.

- **Styrkleikar:** Aukin tengsl við túlka frá öðrum stofnunum.
- **Tækifæri til umbóta:** Að samstarfið væri hluti af markvissu samvinnuverkefni milli þessara stofnana.

Samvinna túlks og starfsmanna: Túlkur hélt fyrirlestur um starf sitt á starfsdegi og var því mjög vel tekið og sýndi sig að þörf var á að starfsmenn fengju betri hugmynd um starf túlksins

- **Styrkleikar:** Í kjölfarið er samvinna betri þar sem starfsmenn eru meðvitaðri um hlutverk túlksins.

Samstarf við aðra túlka:

- **Tækifæri til umbóta:** Ekki var farið inn í Hlíðaskóla til að fylgjast með tólka að störfum þar, þetta fer í umbótaáætlun næsta árs.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla samstarf við aðrar stofnanir	Efla samstarf við túlka frá öðrum stofnunum sem koma að túlkun fyrir börn.	Vinnuhópur túlka frá Sólborg, Hlíðaskóla og SHH.	Haut '19-vor '20.	Túlkur	Endurmat vor '20.	Að samstarfið sé hluti af markvissu verkefni.
Samstarf við Hlíðaskóla	Túlkur fái tækifæri að fylgjast með öðrum tólka	Óska eftir að fara í heimsóknir í Hlíðaskóla til að	Haut '19-vor '20.	Túlkur	Endurmat vor '20.	Túlkur fær betri hugmynd um hvernig aðrir



	sem vinna með börnum.	fylgjast með túlkum þar.				túlkar starfa með börnum.
--	-----------------------	--------------------------	--	--	--	---------------------------

2.7 Innra mat verkefna í Sólborg

Verkefni veturinn 2018-2019:

Erasmus+

Erasmus+ skólasamstarfsverkefnið hélt áfram á þessu skólaári og haldnir voru 6 fundir. Í Slóvakíu í september, 2 fundir í Wales í nóvember og apríl, í Eistlandi í janúar, á Íslandi í mars og sá síðasti í Lettlandi í júní. Fundum í verkefninu eru lokið, en eftir er að klára skýrslugerð og aðra pappírsvinnu.

Tveir fulltrúar Sólborgar fóru til Slóvakíu í september og héldu fyrirlestur um foreldrasamstarf í Sólborg. Einnig heimsóttum við samstarfsskólann okkar, Zakladna Skola, sem er í bænum Smolenice, nokkrum sinnum.

Í nóvember fóru 4 kennarar frá Sólborg til Wales. Samstarfsskólinn er staðsettur í borginni Merthyr Tydfil og heitir Caedraw Primary School. Við skoðuðum skólann og héldum nokkra fundi þar. Fengum fyrirlestur um síðuna www.asdinfo.wales.co.uk, en Wales hefur markað stefnu um málefni einhverfra á landsvísu. Fengum einnig fyrirlestur frá einum af frumkvöðlum þessarar stefnu.

Í janúar fóru annar sérkennslustjórinn og einn af deildarstjórunum til Eistlands. Verkefnisfundur var í bænum Paide, þar sem samstarfsskólinn er og einnig voru skoðaðir sérskólar í Tallinn. Við héldum fyrirlestur um foreldrasamstarf.

Síðari Íslandsfundurinn var í mars. Héldum verkefnisfund í Kerhólum í Borgartúni, þar sem við fengum kynningu á Skóla- og Frístundasviði og kynningu frá þjónustumiðstöð Miðborgar, Hlíða og Vesturbæjar. Einnig kynnti annar sérkennslustjórinn snemmtæka íhlutun í Sólborg. Hópurinn heimsótti Sólborg. Einnig var Háaleitisskóli skoðaður, svo og Brekkubæjarskóli á Akranesi.

Til Wales var farið í annað skiptið á skólaárinu, í apríl. Tveir af deildarstjórum Sólborgar fóru. Farið var í nokkrar heimsóknir í Caedraw Primary School. Við héldum verkefnisfund á skemmtilegum stað, Cyfarthfa Park, og fengum áhugaverðan fyrirlestur frá Charlie Locke og mömmu hans. Charlie er 11 ára einhverfur drengur. Einnig heimsóttum við Merthyr College, þar sem af 2000 nemendum eru margir einhverfir eða með aðrar sérþarfir og hafa þ.a.l. stuðning.

Síðasti fundur verkefnisins var haldinn í Lettlandi í fyrstu vikunni í júní. Á fundinn fóru 3 frá Sólborg. Verkefninu lauk formlega með ráðstefnu sem haldinn var í Jurmala. Fulltrúarnir frá Slóvakíu, Eistlandi,



Wales og Íslandi héldu þar fyrirlestra og síðan voru hringborðsumræður, þar sem áður nefndir fulltrúar svöruðu spurningum ráðstefnugesta. Við héldum fyrirlestur um snemmtæka íhlutun í Sólborg.

Framkvæmdir:

Síðasta sumar fékk skólinn 15 milljónir til framkvæmda á lóðarsvæði skólans. Ákveðið var að taka þann hluta lóðarinnar sem er fyrir framan skólann og setja þar upp leiksvæði fyrir yngstu börn skólans og girða það sérstaklega af. Við ákváðum að halda í það sem mátti nýta áfram samanber sandkassann okkar og smábarnarólur. Við gátum einnig sett upp moltusvæði, ræktunarkassa og klárað að endurnýja girðinguna í kringum skólann en hluta af henni átti eftir að endurnýja. Inngangur leikskólans var færður til og gerð aðstaða fyrir hjól og kerrur. Þessi breyting var til góðs og eru allir ánægðir með þessar framkvæmdir og þær breytingar sem við gerðum á aðkomu skólans en hún er mun fallegri. Þar sem afgangur var af fjármagni skólans í lok skólaársins voru keyptir tveir ofnar í eldhúsið sem er mikill vinnuhagræðing fyrir eldhúsið og var þessi ákvörðun tekin í samráði við fjármálastjóra skóla- og frístundasviðs.



Við gerðum þær breytingar þegar kaffivélin okkar bilaði enn einu sinni að hætta við að kaupa nýja heldur leigjum við nú kaffivél af heilðsölnunni Innes og kemur það mun betur út fyrir okkur fjárhagslega.

Við endurnýjuðum dúka á stórum hluta borða skólans og bættum nýjum við þar sem skólinn er vegna sérstöðu sinnar stöðugt að huga að betri hljóðvist.

Umhverfismennt:

Úttekt á skólanum vegna umsóknar um nýjan Grænfána kom mjög vel út og Grænfánanum var flaggað í fimmta sinn í desember. Skólinn mun halda áfram í þessari vinnu og viðhalda gömlum markmiðum, þ.e. lýðheilsa og soun, ásamt því að taka inn tvö ný markmið sem eru lífbreytileiki og landslag/átthagar.



Unnið verður að innleiðingu þessara markmiða næstu tvö árin og má sjá markmiðssetningu hér að neðan. Í vor fengum við ræktunarkassa á útsvæðið og voru þar ræktaðar kryddjurtir, salat, baunir, gulrætur og jarðarber. Umhverfisfundir barna héldu áfram þar sem farið var yfir ýmis atriði í tengslum við ný markmið.

Landslag/átthagar:

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tíma-rammi
1. Að þekkja útikennslu-svæði leikskólans (innan og utan lóðar)	Að fara í reglulegar ferðir á þessi svæði í útikennslutímum	Starfsfólk tveggja elstu árganga leikskólans (Reyni og Víði)	Bakpoki með útikennslu-verkefnum	Veturinn 2018 – 2019 Veturinn 2019 - 2020
2. Að þekkja húsin í nágrenninu og hvað er gert í þeim	Að heimsækja Veðurstofuna, Perluna, Klettaskóla og jafnvel Fossvogskirkju.	Starfsfólk tveggja elstu árganga leikskólans (Reyni og Víði)	Heimsækja staðina í vettvangsferðum.	Veturinn 2018 – 2019 Veturinn 2019 - 2020
3. Að útbúa kort með nær-samfélaginu. Skrá inn á það örnefni.	Að vinna að þessu í tengslum við þemað um samfélagið. (haust 2018 og haust 2019)	Starfsfólk tveggja elstu árganga leikskólans (Reyni og Víði)	Skoða á korti hvernig umhverfið er.	Veturinn 2018 – 2019 Veturinn 2019 - 2020
4. Að rækta grænmeti á lóðinni í vor	Að setja niður gulrætur, radísur og kál	Deildastjóri elstu barna og aðstoðarleikskóla-stjóri	Fá ker til að gróðursetja í ef grænmetisgarðurinn verður ekki tilbúinn	Vor 2019 og vor 2020

Lífbreytileiki:



Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi
1. Að ganga vel um gróður leikskólalóðarinnar	a. Að læra að moka í sandkassanum en ekki moka gat í grasið b. Að klifra í merktum trjám sem má klifra í c. Að passa uppá blómin sem vaxa villt á lóðinni.	Allt starfsfólk leikskólans	Glærur frá kennurum í Sólborg.	Alltaf vetur, sumar, vor og haust
2. Að kynnast þeim plöntum sem finnast innan leikskólalóðarinnar	a. Þekkja nöfn plantnanna sem finnast á lóðinni b. Þekkja nöfn plantnanna sem eru fyrir utan lóðina	Allt starfsfólk leikskólans	Blómabókin Öskjuhlíð náttúra og saga Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Lofts.	Vor 2019 og vor 2010
3. Að umgangast fugla á leikskólalóðinni	a. Að fóðra smáfuglana í vetur með mismunandi fóðri. (epli, fita, korn)	Deildastjórar	Fuglabókin	Veturinn 2018 – 2019 Veturinn 2019 – 2020
4. Að rækta kryddjurtir í vor í kerjum	a. Að læra að sá í mold fræjum sem vaxa upp b. Að kynnast kryddi til matargerðar	Deildastjórar	Útiker, mold, fræ og vatn	Vor 2019 og vor 2020

Stytting vinnuvikunnar:

Tilraunaverkefnið stytting vinnuviku hélt áfram en verkefninu lýkur formlega 31. ágúst 2019. Verkefnið er búið að hafa góð áhrif á starfsmannahópinn og hefur gefið okkur betri og skilvirkari vinnuvenningu, starfsánægja hefur aukist og veikindi hafa minnkað um 25%. Starfsmannahópurinn ásamt leikskólastjóra óskar eftir að fá að fara í 35 stunda vinnuviku og vinna þá 7 tíma á dag og setja upp



vaktakerfi en tilraunaverkefnið hefur miðast við 37 tíma og höfum við skipulagt það þannig að einn dag í viku hættir starfsmaður í 100% vinnu klukkan eitt. Núna liggur ekki enn fyrir hvað gerist eftir að verkefninu lýkur og bíða allir á Sólborg spenntir eftir því hver niðurstaðan verður en eins og hefur komið fram hjá Reykjavíkurborg þá er um tilraunaverkefni að ræða sem getur ekki haldið áfram nema innan þessa tímaramma svo ekki sé verið að mismuna starfsfólki borgarinnar. Það er því verið að vonast til að stytting vinnuviku fari inn í komandi kjarasamninga.

Táknmálsnámskeið:

Skólinn bauð uppá grunnnámskeið í táknmáli fyrir starfsfólk á vorönn einu sinni í viku frá klukkan 15:30-16:30, alls 10 skipti. Alls 8 starfsmenn sátu námskeiðið. Mikil ánægja var meðal starfsfólks með þetta framtak og óskað var eftir framhaldsnámskeiði. Fyrirhugað er því að bjóða uppá annað táknmálsnámskeið á skólaárinu 2019-2020.

SMT:

Þessi vinna hélt áfram og árleg úttekt á leikskólanum í nóvember vegna starfsaðferða SMT kom mjög vel út með 6% hækkun frá síðasta ári og fórum við upp í 95% (sjá kafla 3.1). Í apríl var haldin hrós-og hvatningarvika með starfsfólki og börnum. Starfsfólk tók þátt í hrós-og hvatningarleik með teygjum alla vikuna. SMT fánanum var flaggað í útiveru barnanna á mánudegi. Börnin föndruðu kórónur og fána í SMT litunum á þriðjudegi. Á miðvikudegi mættu börn og starfsfólk í litríkum fötum í samræmi við litina í SMT fánanum. Á fimmtudegi var vöflukaffi með litríkum vöflum. Á föstudegi var andlitsmálning og skruðganga um nágrennið. Nánar má lesa um SMT vinnu skólans í kafla 3.1 um ytra mat.

- **Tækifæri til umbóta:** Við stefnum á að bæta okkur enn frekar í þessari vinnu eins og sjá má í umbótatöflunni hér að neðan.

Umbótapættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæt lun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



SMT	Bæta niðurstöður SET-listans frá 2018.	-Þrír starfsmenn fara á námskeið í grunnmenntun PMTO -Skrá hegðun daglega og nota niðurstöður skráninganna oftari en 1x í mánuði til að taka ákvarðanir varðandi starfið á deildinni. - Sjónrænt dagskipulag: að sérstök merki séu gefin við verkefnaskil. -SMT-teymi skólans hittist a.m.k mánaðarlega	Veturinn 2019 - 2020	SMT-teymi leikskólans	Endurmat í nóvember og apríl.	Betri niðurstöður úr SET-lista.
-----	--	--	----------------------	-----------------------	-------------------------------	---------------------------------

Verkefni sem unnin verða veturinn 2019-2020:

Veturinn 2019-2020 mun innleiðing nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 *Látum draumana rætast* vera í fyrirrúmi.

- Stofnað verður þverfaglegt teymi innanhúss til að vinna að þessu verkefni og mun það vinna samkvæmt gátlista Reykjavíkurborgar fyrir leikskóla. Fyrstu viðfangsefni teymisins eru að meta hvaða grundvallarþáttum menntastefnu RVK borgar er nú þegar unnið að í skólanum og hvaða skref er næst.
- Innleiðing þess hluta menntastefnunnar sem snýr að læsi, sjá nánar í fylgiskjali 8.4.



3 Ytra mat

Þetta skólaár var gerð foreldrakönnun og árleg úttekt af starfsfólki leikskóla Seltjarnarness vegna starfsaðferða SMT skólafærni.

3.1 Úttekt á SMT skólafærni

Starfsfólk leikskóla Seltjarnarness kom í lok október í árlega úttekt á starfsaðferðum SMT. Lagður er fyrir okkur SET listi og útkomuna úr honum má lesa í töflunni hér fyrir neðan en heildarskor var 95%. Til að fá að starfa eftir hugmyndafræðinni verða skólar að vera með heildartölu 80% eða meira. Niðurstaða SET-listans var frábær og hækkunin frá síðasta ári var 6% sem verður að teljast mjög góður árangur. Okkur er að takast mjög vel að vinna eftir hugmyndafræðinni og höfum bætt okkur í þremur atriðum síðan í fyrra:

- Í lið A, reglur skilgreindar, fórum við úr 7 stigum upp í 8 af 8 mögulegum: Reglurnar eru sýnilegar á öllum deildum í augnhæð barnanna og eru hluti af reglutöflu skólans.
- Í lið D þar sem talað er um sjónrænt dagskipulag og að kennarar gefi börnum merki um breytingar á dagskrá fórum við úr 7 stigum upp í 9 af 10 mögulegum: Bæði börn og kennarar vita hvað er á dagskrá eftir samverustund. Sjónrænt skipulag er sjáanlegt á öllum deildum
- Í lið F , þátttaka fjölskyldu, fórum við úr 8 stigum upp í 10 af 10 mögulegum: Samskipti við foreldra eru alltaf mikil í leikskóla, bæði við komu og brottför barnanna í og úr leikskólanum. Foreldrar fá tölvupóst varðandi starfið og eru bæði í samskiptum við deildarstjóra með tölvupósti og síma eftir þörfum. Haldin er heimsóknavika í leikskólanum þar sem foreldrum er sérstaklega boðið að koma og fylgjast með starfinu. Auk þessa eru foreldraviðtöl haldin reglulega. Reglurnar voru endurskoðaðar í ár.
- Í lið E, eftirlit og ákvarðanatöku, stöndum við í stað með 6 stig af 8 mögulegum og er það vegna þess að ekki er verið að skrá hegðun daglega og niðurstöður skráninganna eru notaðar sjaldnar en einu sinni í mánuði til að taka ákvarðanir varðandi starfið á deildinni. Þetta fer í umbótaáætlun fyrir næsta ár.
- Í lið G, stjórnun, lækkuðum við um 1 stig og er ástæðan sú að SMT-teymi skólans hittist sjaldnar en mánaðarlega. Þetta fer í umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Útkoma listans, heildartalan í öllum flokkum er 757/8 = 95%

Skólar sem fá 80% eða meira í heildarmeðaltal eru að vinna eftir markmiðum SMT á fullnægjandi hátt.



	A	B	C	D	E	F	G	H
Heildarskor	Reglur skilgreindar	Reglur kenndar	Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun	Skipulagt og fyrirsjáanlegt umhverfi	Eftirlit og ákvarðanatataka	Pátttaka fjölskyldu	Stjórnun	Stuðningur við verkefni
	8/8	6/6	14/14	9/10	6/8	10/10	11/12	8/8
Hlutfall	100%	100%	100%	90%	75%	100%	92%	100%

3.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var gerð í vetur og kom hún mjög vel út. Niðurstöður úr henni má sjá hér að neðan.





Spurningar í foreldrakönnun 2019 - Hlutföll

		Values					
SpurningFlokkur	Spurning	Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála stelpna	Hlutfall sammála stráka	Hlutfall sammála í Reykjavík
Barnið og starfið	Barnið mitt á góða félagi/aðlagast vel í barnahópnum	93,3%	6,7%	0,0%	95,7%	90,5%	92,2%
	Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	92,8%
	Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	95,3%
	Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	97,8%	2,2%	0,0%	100,0%	95,2%	93,4%
	Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	90,2%	9,8%	0,0%	85,7%	94,7%	87,8%
	Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	95,1%
Foreldrar og starfið	Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	94,4%
	Ábendingum mínum er vel tekið	69,0%	26,2%	4,8%	66,7%	70,0%	72,5%
	Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	90,9%	6,8%	2,3%	95,5%	85,7%	86,3%
	Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	71,4%	19,0%	9,5%	76,2%	65,0%	68,2%
	Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	72,1%	25,6%	2,3%	77,3%	65,0%	67,5%
	Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	80,0%	13,3%	6,7%	87,0%	71,4%	75,3%
Stefna og stjórnun	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	80,0%	17,8%	2,2%	82,6%	76,2%	78,7%
	Leikskólinn leitar til min eftir tillögum og hugmyndum	35,6%	46,7%	17,8%	39,1%	28,6%	38,6%
	Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	88,1%	11,9%	0,0%	85,7%	90,0%	86,3%
	Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	68,2%	29,5%	2,3%	68,2%	66,7%	81,5%
	Leikskólanum er vel stjórnað	88,1%	9,5%	2,4%	85,7%	90,0%	89,3%
	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	82,1%	17,9%	0,0%	85,0%	77,8%	83,4%
Upplifun af leikskólanum	Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	91,1%	4,4%	4,4%	87,0%	95,2%	80,8%
	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	88,9%	11,1%	0,0%	95,7%	81,0%	87,9%
	Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	93,3%	6,7%	0,0%	95,7%	90,5%	90,9%
	Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfnni í leikskólanum	86,7%	6,7%	6,7%	87,0%	85,7%	90,7%
	Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	97,8%	2,2%	0,0%	100,0%	95,2%	95,3%

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við starfsmenn skólans, 35 talsins. Samtölin byrjuðu í janúar og hentaði sú tímasetning betur en að taka viðtölin að vori. Starfsmenn fengu eyðublað með átta spurningum þar sem spurt var almennt um starf þeirra, verkefni og starfsþróun. Í viðtalinu nýttum við þennan spurningaramma en samtalið er einnig sveigjanlegt og starfsmaður getur komið sínu málefni að þó svo að það sé ekki inn í spurningarammanum. Miðað var við að samtalið tæki um 50 mín og samtöl við stjórnendur 80-90 mín. Viðtölin gengu vel og voru starfsmenn nokkuð vel undirbúnir undir þau. Starfsmenn skólans hafa langflestir verið duglegir í símenntun.

Símenntun frá síðasta ári 2018-2019

Námskeið og fræðsla utanhúss:

- Starfsmenn leikskólans sóttu leikskólaráðstefnu SFS í febrúar.
- Starfsmenn leikskólans sóttu ráðstefnuna „Flæði – Hugarástand í leik og starfi“ sem haldin var á vegum leikskólans Rauðhóls í október.
- Sérkennslustjórar og 5 starfsmenn sem sinna sérkennslu fóru á vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í maí.
- Einn starfsmaður fór á skráningarnámskeið (atferlisþjálfun) hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í ágúst.
- Sérkennslustjóri fór á fræðsludag hjá Félagi sérkennara í nóvember.
- Sérkennslustjóri og leikskólasérkennari fóru á ráðstefnu sérkennara í Færeyjum í maí.
- Leikskólasérkennari fór á námskeiðsdaga faghóps leikskólasérkennara í apríl.
- Starfsmaður sem sinnir sérkennslu fór á Lubbanámskeið í september.
- Sérkennslustjóri og þroskaþjálfari fóru á starfsdaga Þroskaþjálfafélags Íslands.
- Starfsmaður sótti trúnaðarmannanámskeið hjá Eflingu.
- Sérkennslustjóri og deildarstjóri sóttu ráðstefnu Félags talmeinafræðinga um málörvun einhverfra barna í mars.
- Sérkennslustjóri sótti námskeið í smábarnalistanum.
- Sérkennslustjóri sótti hádegisfyrirlestur í Stakkahlíð um atferlisþjálfun.
- Sérkennslustjóri sótti Satís ráðstefnu um atferlisgreiningu.
- Einn starfsmaður hefur sótt leikskólaliðanáam vetur.
- Fjórir starfsmenn fóru á námskeið í kennslu döff barna á vegum SHH.
- Einn starfsmaður fór á námskeið í myndlist barna í LHÍ.

- Tveir starfsmenn fóru á fund í Slóvakíu í september 2018. Fjórir starfsmenn fóru á fund í Wales í nóvember 2018. Tveir starfsmenn fóru á fund í Eistlandi í janúar 2019. Tveir starfsmenn fóru á fund í Wales í apríl. Þrír starfsmenn fóru á fund í Lettlandi í júní 2019. Allt eru þetta ferðir í tengslum við Erasmus verkefni leikskólans.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fóru í handleiðslu fyrir SMT.
- Sérkennslustjórar fóru á teymisfundi sérkennslustjóra sem starfa undir Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Sérkennslustjóri hefur verið í vinnuhóp sem starfar að endurskoðun á sérkennslumálum í leikskólum Reykjavíkur. Stuðst verður við niðurstöður úr úttekt Evrópusambandsins sem framkvæmd var á Íslandi árið 2017.
- Sérkennslustjóri hefur verið í þróunarverkefnisvinnu með Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í vetur. Um er að ræða ráðgjafavinnu sem fram fer í gegnum tölvu og ákveðin hugbúnað sem þróaður er af Köru, systurfyrirtæki Tröppu. Sólborg, Hagaborg og Drafnarsteinn taka þátt í þessu verkefni.
- Sérkennslustjóri var tengiliður vegna kynningarmyndbands um leikskólann.
- Stjórnendur sóttu fundi og námskeið vegna innleiðingar nýrra persónuverndarlaga.
- Leikskólastjóri og sérkennslustjóri funduðu á HTÍ og voru þá rædd ný ferli vegna nýrra barna sem munu greinast með heyrnarleysi/heyrnarskerðinu.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fóru á kynningar og fundi vegna nýrrar Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
- Leikskólastjóri fór í stjórnendaskólann í Ráðhúsinu.
- Leikskólastjóri og deildarstjóri fóru á námskeið um áföll í æsku í Norræna húsinu í janúar.
- Táknmálastúlkur sótti málstofu um íslenskt táknmál á Hugvísindapingi Háskóla Íslands.
- Þrír starfsmenn sóttu Málþing um íslenskt táknmál á degi íslenska táknmálsins.
- Sérkennslustjóri hefur verið tengiliður við SFS vegna fjölmenningar og farið á fundi vegna þess.
- Þrír starfsmenn sem sinna starfi trúnaðarmanna hafa verið töluvert meira fjarverandi vegna þeirra starfa í vetur vegna undirbúnings nýrra kjarasamninga.

Námskeið og fræðsla innanhúss:

- Nýliðar fengu fræðslu um SMT í leikskólanum.
- Átta starfsmenn sóttu táknmálsnámskeið fyrir byrjendur sem haldið var innanhúss, alls tíu skipti á vorönn.



- Starfsmenn fengu fyrirlestur á skipulagsdegi í september um myndlist og skapandi starf. Fyrirlesari var Anna Gréta Guðmundsdóttir frá leikskólanum Sæborg.
- Starfsmenn fengu fyrirlestur á skipulagsdegi í nóvember um jákvæð samskipti og framkomu á vinnustað, fyrirlesari var Anna Steinsen frá KVAN.
- Starfsmenn fengu fyrirlestur á skipulagsdegi í mars um táknmálstúlkun í leikskóla frá táknmálstúlki leikskólans Guðnýju Björk Þorvaldsdóttur.
- Starfsmenn fengu kynningu á kennsluefninu „tölum saman“, fyrirlesari var Sara Tosti.

Heimsóknir í leikskólann og kynningar út fyrir leikskólann 2019-20

- Fundur var á Íslandi í tengslum við Erasmus verkefni leikskólans í mars, gestir frá þáttökulöndunum komu einn dag í leikskólann og fengu kynningu ásamt því að fylgjast með starfinu.
- Við fengum gesti frá Þýskalandi 19. og 20. febrúar, alls 30 manns sem voru að kynna sér nám án aðgreiningar. Þau fengu kynningu á skólanum og heimsóttu svo deildarnar.
- Fengum heimsókn frá SFS og farið var yfir búnað í húsinu. Heimsóknin gekk vel og fóru stjórnendur vel yfir hvað mætti betur fara.
- Fengum heimsókn frá leikskólanum Rauðhól en þau komu hingað til að kynna sér fyrirkomulag okkar á styttingu vinnuvikunnar.
- Fengum heimsókn frá vinnuhóp sem starfar að endurskoðun á sérkennslumálum í leikskólum Reykjavíkur í apríl.
- Í maí komu tveir sérfræðingar frá Hollandi í heimsókn að skoða starf með döff börnum hér. Þetta var í tengslum við námskeið sem starfsmenn sóttu á vegum SHH.
- Sérkennslustjóri sinnti ráðgjöf í leikskóla í Reykjavík og á landsvísu. Bæði heimsóknir og skype fundir.
- Fengum sérkennslustjóra frá leikskólum Hafnarfjarðar í heimsókn í ágúst. Þau voru að kynna sér nám án aðgreiningar og starfshætti hér.
- Sérkennslustjóri hélt tvær kynningar um skólann fyrir þroskaþjálfanema á öðru ári.
- Starfsmaður kynnti Meistararitgerð sína fyrir Skólaskrifstofum Garðabæjar.

Nemar í verknámi

- Tveir leikskólakennaranemar á þriðja ári voru í verknámi í leikskólanum undir handleiðslu leikskólakennara.
- Nemi í 10 bekk í Kársnesskóla kom til okkar í starfskynningu.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í elstu barna hópnum í vetur voru 14 börn, þar af 3 börn sem munu tengjast táknmálssviði Hlíðaskóla næsta ár.

Börnunum var boðið í þrjár heimsóknir í næsta hverfisskóla Sólborgar sem er Hlíðaskóli. Í fyrstu heimsókninni (febrúar) fengu þau að skoða skólann, hitta kennara 1. bekkjar, hlusta á



sögu og vinna eitt verkefni. Önnur heimsóknin (mars) var í Eldflaugina, frístundaheimili Hlíðaskóla. Þau fengu að skoða húsnæðið og leika sér með dótið sem er á boðstólum þar. Þriðja heimsóknin (mars) var boð á söngleikinn „Rauðhetta og úlfurinn“ sem börn í 1. bekk sýndu. Börn eða kennarar úr Hlíðaskóla komu ekki í heimsókn í Sólborg.

Í lok skólaársins fóru kennarar Sólborgar á fund með væntanlegum kennurum barnanna sem eru að hætta í Sólborg, gáfu upplýsingar um þau eftir því sem þurfti og skiluðu inn skriflegum upplýsingum um öll börnin. Foreldrar höfðu áður lesið yfir skrifin og gefið skriflegt leyfi

Áætlað er að samstarfið við Hlíðaskóla verði með svipuðu sniði skólaárið 2019-2020.

Samstarf 2019-2020:

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Febrúar kl. 10-11:30	Leikskólabörn heimsækja grunnskólann og fá leiðsögn um skólann ásamt því að vinna verkefni inn í kennslustofu 1. bekkjar	Hlíðaskóli	Kennari 1 bekkjar og deildarstjóri Reynistofu.
Mars	Heimsókn í Eldflaugina.	Hlíðaskóli	Forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar og deildarstjóri Reynistofu.
Mars	Leikrit fyrstu bekkinga.	Hlíðaskóli	Kennarar Hlíðaskóla og deildarstjóri Reynistofu.
Maí	Skólaskil.	Hlíðaskóli	Sérkennslustjóri Sólborgar og deildarstjóri Reynistofu.



6 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð** Í foreldraráði Sólborgar eru þrjú fulltrúar. Þau voru tilnefnd eftir haustkynningar deildanna í fyrra og sátu áfram í ár. Leikskólastjóri fundaði þrisvar sinnum með þeim á skólaárinu.
- **Foreldrafundir** Kynningarfundir eru fyrir foreldra á haustin á hverri deild.
- **Foreldraviðtöl** (fyrirkomulag, tímabil). Haldin eru tvö foreldraviðtöl á ári. Haustviðtalið var í september og fá foreldrar sent eyðublað um væntingar og markmið með starfi vetrarins til undirbúnings. Seinna viðtalið er að vori, í maí, og þá deilum við skráningum/upplýsingum úr svokölluðu Möppumati, „ég um mig“, þar sem fram koma framfaraspor hvers og eins. Einstaklingsnámskrárvíðtöl vegna barna með sérþarfir eru haldin eftir þörfum en að meðaltali eru þau tvö á önn.
- **Foreldrafélag** Foreldrafélagið hélt aðalfund í leikskólanum 10. október þar sem kosin var ný stjórn og eru fulltrúar hennar fjórir þetta starfsárið. Foreldrafélagið er starfandi við leikskólann og er dagskráin nokkuð hefðbundin og félagið styður við starf leikskólans. Jólaföndur var í desember, ljósmyndari kom og tók myndir af börnunum, ferð á Árbæjarsafn var farin á laugardegi í maí, sumarhátíð var haldin í júní.
- **Samskipti við erlenda foreldra** Móttaka barna og foreldra með annað móðurmál en íslensku skiptir miklu máli. Það þarf að kynna fyrir þeim starfsemi leikskólans til að skapa öryggi og traust. Við tileinkum okkur menningarnæmi og gerum okkur grein fyrir að fólk er ólíkt og tókum því með opnum huga. Mikilvægt er að taka vel á móti foreldrum á aðlögunartímabilinu svo að þeim líði vel að koma með barnið í leikskólann.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Veturinn 2018-2019 voru skipulagsdagar eftirfarandi og helstu þættir sem unnir voru:

17. september – Fyrir hádegi var starfsmannafundur þar sem ýmis mál voru rædd s.s. framkvæmdir utanhúss, skipulag útisvæðis, skemmtinefnd kynnti dagskrá vetrarins, starfsfólk kynnti helstu áherslur barna með sérþarfir, farið var yfir sameiginleg markmið leikskólans úr starfsáætlun, ný markmið vegna Grænfánans kynnt (líffræðilegur fjölbreytileiki og nærumhverfið), SMT teymið kynnti sína kennsluáætlun og innleiðingu reglna. Eftir hádegi var Anna Gréta, leikskólakennari á Sæborg með fyrirlestur um skapandi starf.



19. október - Starfsfólk leikskólans sótti ráðstefnuna „Flæði, hugarástand í leik og starfi“. Ráðstefnan var haldin af leikskólanum Rauðhól og fyrirlesarar voru Prof. Mihály Csíkszentmihályi, Doktor Nuszpl Judit Ágnes og Guðrún Snorradóttir sérfræðingur í hagnýtri jákvæðri sálfræði.

12. nóvember - sameiginlegur í hverfinu. Starfsmannafundur þar sem rætt var m.a. um styttingu vinnuvikunnar, breytingar á starfsmannamálum, tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla RVK, jóladagskrá og útisvæðið. kynning á erasmus verkefni sem skólinn tekur þátt í. Starfsmenn fóru í hópavinnu og skipulögðu myndlistarþema skólans eftir áramót. Svo var fyrirlestur um jákvæð samskipti og framkomu á vinnustað sem Anna Steinsen frá KVAN flutti.

7. febrúar - Starfsdagurinn hófst á Nordica hótél á kynningu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar, Látum draumana rætast. Eftir hádegi var starfsmannafundur í Sólborg þar sem rætt var m.a. um listaskálann, flæðið í húsinu, moltuna, niðurstöður úr SMT setlistanum, viðbragðsáætlun vegna tveggja barna með sérþarfir, stuðningstíma barna með sérþarfir, barnafjöldann í húsinu og SMT viku í apríl.

1. mars - sameiginlegur í hverfinu. Starfsmannafundur, ýmis mál rædd t.d. starfsmannamál, árleg úttekt slökkviliðsins, tölvumál en þær voru nýlega endurnýjaðar en þykja hægar eftir það, moltan, skipulagning öskudags, sumaropnun leikskóla. Síðan voru nokkrar kynningar, erasmus verkefnið kynnt, táknmálstúlkur leikskólans sagði frá sínu starfi, trúnaðarmenn kynntu stöðu félaganna í kjarasamningsviðræðum. Svo var orðið laust og ýmis fleiri málefni rædd s.s. bílastæðamál, útisvæðið og myndlistarsýning barnanna í apríl. Að lokum var kosið í ferðanefnd fyrir vor-og námsferð starfsmanna árið 2020 og afmælisnefnd fyrir 25 ára afmæli Sólborgar í sumar.

3. júní - sameiginlegur í hverfinu. Starfsmannafundur, ýmis mál rædd s.s. aðlögun nýrra barna og barnafjöldi næsta haust, vöntun á starfsfólki, slæmt ástand þaksins á húsinu, stytting vinnuvikunnar er senn á enda en mikill vilji er hjá starfsfólki að halda henni áfram. Síðan kom Sara Tosti og kynnti kennsluefnið Tölum saman. Þar næst talaði sérkennslustjóri um fjölmenningu og fjöltyngi og sagði einnig frá námsferð til Færeyja. Afmæli Sólborgar var rætt og skipulagt.

Skipulagsdagar veturinn 2019-2020: 16. september, 15. nóvember (sameiginlegur í hverfinu), 17. febrúar (sameiginlegur í hverfinu), 22 og 24. apríl (námsferð starfsfólks), 8. júní (sameiginlegur í hverfinu).



8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Á síðasta ári voru 16 börn sem nutu sérkennslu í Sólborg. Börnin hafa skilgreindar fatlanir á sviði heyrnarskerðingar, einhverfu, Goldenhar heilkennis, Williams heilkennis, CP, þroskaskerðingar, sjón- og heyrnarskerðingar ásamt taugahrörnun, málröskunar og hegðunarröskunar. Úthlutaðir stuðningstímar vegna þessara barna voru 88,4 tímar. Í 1. flokki voru 10 börn og 5 börn í öðrum flokki.

Meginþættir sérkennslunnar snerust um kennslu heyrnarskertra barna, heildstæða atferlisþjálfun barna á einhverfurófinu, kennslu barna með aðrar skilgreindar sérþarfir, auk markvissrar skipulagðrar þjálfunar barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiþroska, hegðun og sjálfshjálp. Auk þess sinntum við snemmtækri íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska.

Sérkennslunni sinna 16 starfsmenn. Þeir bera ábyrgð á að markmiðum einstaklingsnámskrár sé fylgt eftir og sjá til þess að unnið sé að þeim í öllu daglegu starfi í samvinnu við annað starfsfólks líkt og stefna skólans segir til um. Aðalmarkmið er alltaf að barnið er fyrst og fremst leikskólubarn og stuðningurinn ætlaður til að styðja við barnið inn í barnahópinn svo það geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu.

Samstarf við sérfræðinga utan leikskólans er alltaf mikið. Þeir sérfræðingar sem við höfum starfað með í vetur eru sjúkraþjálfari, iðjuþjálfari, talmeinafræðingar, ráðgjafar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, ráðgjafar frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, ráðgjafar frá Heyrnar og talmeinastöð, ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og listmeðferðarfræðingur á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Sjúkra- og iðjuþjálfari, talmeinafræðingar og listmeðferðarfræðingur hafa sinnt sinni þjálfun hér í Sólborg. Eins og áður er það okkar mat að þó um marga sérfræðinga sé að ræða þá hafi tekist vel að koma þeirra vinnu fyrir og þekking þeirra hefur skilað sér vel bæði til starfsfólks og barnanna.

Sólborg hefur sinnt ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskóla á landsvísu.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	11	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	4	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	1	



Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	13	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já.	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já.	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já.	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já.	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já.	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já.	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já.	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já.	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: HTÍ, Æfingastöðin, Sjónstöðin, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já.	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já.	

Niðurstöður innra mats:

Ábyrgðarmenn sérkennslu hitta sérkennslustjóra, einstaklingslega, einu sinni á önn. Allur hópurinn hittist jafnframt einu sinni á önn: Hluta markmiðsins var náð þ.e. sérkennslustjórar hittu allan hópinn á starfsdegi 12. nóvember. Fyrir fundinn fékk starfsfólk sérkennslu senda umræðupunkta um það sem við vildum ræða.

Við hittum starfsmenn ekki einslega í skipulögðu samtali, hins vegar hittum við þá mjög reglulega og alltaf tækifæri til að ræða óformlega við okkur. Nýttum við þau tækifæri vel í dagsins önn.

Það mætti vera meira um að starfsfólk sem sinnir sérkennslu deili reynslu, hugmyndum og verkefnum sín á milli.

Við gerðum ekki endurmat á þessum þætti eins og til stóð.



- **Tækifæri til umbóta:** Þar sem við höfum yfirsýn yfir sérkennsluna í skólanum þá gætum við gert meira af að tengja starfsfólk saman og hvetja það til að fylgjast með sérkennslu hjá hverju öðru.

Samstarfsverkefni með Hlíðaskóla og SHH: Sérkennslustjóri og deildastjóri Reynistofu hittu samstarfshópinn einu sinni á SHH.

- **Tækifæri til umbóta:** Ákveðið var að halda áfram að vinna saman að málörvun á ÍTM og kennslu. Næsti fundur verður í haust.

Umbótapættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Tengja saman starfsfólk sem sinnir sérkennslu	Að starfsfólk deili reynslu, hugmyndum og verkefnum sína milli með áhorfi í vinnustundum a.m.k. einu sinni á skólaárinu.	Skipulag og framkvæmd verður í samstarfi með starfsfólki.	Hefst að hausti og lýkur að vori.	Sérkennslustjóri.	Jafningjamat.	Tekst þetta eða ekki.
Samstarfsverkefni með Hlíðaskóla og SHH.	Áframhaldandi samstarf um málörvun á ÍTM og kennslu í samræmi við læsisstefnu skólans.	Vinnuhópar hittast 1x á önn.	Hefst að hausti og lýkur að vori.	Sérkennslustjóri og deildarstjóri Víðistofu.	Umræðumat vorið 2020.	Samantekt á kennsluefni og aðferðum.



8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já.	Unnið í samræmi við læsisstefnu skólans.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já.	Með markvissri málörvun í öllu daglegu starfi.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já.	Í daglegum samskiptum og athöfnum barns, með lestri, söng, skipulegum stundum og í leik.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já.	Með skráningum í „Ég um mig“, samantekt um barnið í leikskólanum sem kennarar skrá í fyrir hvert barn tvisvar sinnum á ári.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já.	Eins og fram kemur hér að ofan.



Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samskiptabók (bókin mín).	Að öll börn með annað móðurmál en íslensku fái samskiptabók við upphaf leikskólagöngu.	Notast er við form bókar frá allirmed.is. Bókin er fyllt út af kennara og foreldrum.	Skólaárið.	Starfsfólk deildar viðkomandi barns.	Safna gögnum.	Bókin er gerð og virk fyrstu vikur barnsins í leikskólanum .
Orð úr móðurmáli barnsins gerð sýnileg.	Að barn sjái orð úr móðurmáli sínu á deildinni sinni.	Í samstarfi við foreldra hengja kennarar upp orð á móðurmáli barnsins.	Skólaárið.	Starfsfólk deildar viðkomandi barns.	Safna gögnum.	Gera börn meðvitaðri um fjöltyngi.



8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2019 – 2020 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



8.4 Fylgiskjal 4 – Látum draumana rætast - umsókn í A hluta Þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla og frístundaráðs.

Látum draumana rætast.

Umsókn í A hluta Þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs. Sent 29. mars 2019.

Hverjar eru þær áskoranir sem talið er mikilvægt að bregðast við og af hverju?

Stjórnendateymi leikskólans sammæltist um að læsi væri sá þáttur menntastefnunnar sem ákjósanlegt væri fyrir okkar að byrja á. Læsisstefna skólans tók gildi í júní 2018 og var unnin þvert á deildir.

Leikskólinn er sérhæfður leikskóli vegna kennslu heyrnarlausra- og heyrnarskertra barna og er ráðgjafarskóli á því sviði. Sólborg er skóli án aðgreiningar og eru nemendur hans fjölbreyttur og getubreiður hópur sem er mætt á forsendum hvers og eins. Leikskólinn leggur áherslu á íslenskt táknmál (ÍTM) sem er mjög sýnilegt í umhverfinu. Læsisstefnan okkar á því jafnt við um íslenskt táknmál og íslensku. Í þriðju grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls frá 2011 er íslenskt táknmál fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta.

Læsi er áskorun í starfi í Sólborg vegna sérhæfingu okkar og barna sem þurfa mikla málörvun í daglegu starfi.

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspeglar þau þætti menntastefnunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi?

Markmið okkar eru að stuðla að góðu máluppeldi barna við upphaf og til enda leikskólagöngu.

Eins og fram kemur í Menntastefnu Reykjavíkurborgar er læsi sú hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni.

Læsisstefna Sólborgar endurspeglar þessa þætti um læsi. Málörvun í daglegu starfi er fyrsti áhersluþáttur af þremur. Undir málörvun falla þessir flokkar: Orðaforði og málskilningur, máltjáning og frásagnarhæfni, hlustun og hljóðkerfisvitund, söngur og kveðskapur og ritmál. Með því að sinna öllum þessum flokkum stuðlum við að góðu máluppeldi.

Lýsing á framkvæmd verkefnis og tímaáætlun.

Verkefnið hefst nú þegar þar sem deildarstjórar yngstu barna taka þátt í að miðla og öðlast þekkingu á málörvun yngstu barna í lærdómssamfélagi á vegum Miðju máls og læsis.



Við ætlum að kynna okkur aðferðina Orðaspjall sem þróuð var í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ. Aðferðin er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri.

Starfsmannahópurinn mun sameinast í þemaverkefni um sögugerð sem hægt verður að tengja við aðferðina Orðaspjall. Verkefnið verður unnið frá október fram í apríl 2020.

Við ætlum að auka bókakost leikskólans með fjölbreytilegan barnahóp í huga.

Samvinnuverkefni Sólborgar og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra mun fara af stað í haust. Markmið verkefnisins er að útbúa málörvunar kennslufni fyrir yngstu börnin 1 – 3ja ára.

Auk þess verður sýnileiki og kennsla táknmáls á öllum deildum og vefsíðu leikskólans aukinn.

Heyrnarlausir starfsmenn munu sækja námskeið um lestur fyrir döff börn á vegum Samskiptamiðstöðvar.

Verkefninu lýkur í maí 2020.

Hvernig verður árangur verkefnis metinn?

Verkefnið verður metið af öllu starfsfólki skólans á starfsdögum í janúar og apríl. Einnig fá foreldrar spurningakönnun senda undir lok verkefnisins.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun. Gróf áætlun um m.a. laun, efniskaup, aðkeypta þjónustu o.s.frv.

200.000 kr bókakaup.

100.000 kr námsefni.

260.000 kr heimsókn og námskeið í Reykjanesbæ.

100.000 kr keyptur fyrirlestur á starfsdegi.

200.000 kr samvinnuverkefni Sólborgar og Samskiptamiðstöðvar.

Eru aðrar upplýsingar um verkefnið sem þú vilt koma á framfæri?

Það er jákvætt að hver starfsstaður fái þetta auka fjármagn og hafi þar með möguleika til að sinna þessu mikilvæga verkefni sem Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 *Látum draumana rætast* er.

Ragnheiður Þóra Kolbeins, Regína Rögnvaldsdóttir og Særún Ósk Böðvarsdóttir.



F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



